Umhverfis- og skipulagsráð
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 9. nóvember 2026
USK26100231

Umsögn um tillögu áheyrnarfulltrúa Vinstrisins um endurskoðun aðgerðarbundinnar umferðaröryggisáætlunar Reykjavíkurborgar til næstu fimm ára

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 14. október 2026 var lögð fram að nýju svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Vinstrisins, sbr. 17. liður fundargerðar umhverfis og skipulagsráðs, dags. 21. október 2026.

> *Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir að hefja undirbúning að endurskoðun aðgerðarbundinnar Umferðaröryggisáætlunar Reykjavíkurborgar til næstu fimm ára. Skulu viðhöfð ný vinnubrögð þar sem lýðræðislegum aðferðum er beitt við gerð hennar með aukinni aðkomu íbúa í hverfum. Áfram verði einnig unnið með sérfræðingum á sviði umferðaröryggismála og annars fagfólks. Þá verði leitað samráðs fulltrúa Vegagerðarinnar, Lögreglunnar, Samgöngustofu og hagsmunasamtaka eins og við á. Að vinnu lokinni skal umferðaröryggisáætlunin send í samráðsgátt til umsagnar. Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir að vísa tillögunni til skrifstofu samgöngustjóra sem heldur utan um útfærslu og umgjörð verkefnisins og leitar liðsinnis annarra viðeigandi sviða og starfsfólks eins og þurfa þykir. Skal fyrirkomulag og útfærsla vinnunnar kynnt ráðinu í síðasta lagi í upphafi næsta árs og endurskoðunin unnin á árinu 2027.*

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar með bréfi skrifstofu umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 21. október 2026

Umsögn:
Gildandi umferðaröryggisáætlun var tímasett 2019-2023 og má því segja að hafi runnið sitt skeið. Til stendur að vinna uppfærslu á áætluninni með það að markmiði að aðlaga hana að reynslu síðustu ára og uppfæra markmið hennar til samræmis við árangur í bættu umferðaröryggi.

Gert er ráð fyrir að á næstu vikum verði unnið að stöðumati, yfirferð gagna og undirbúningi frekari vinnu við uppfærslu áætlunarinnar. Í framhaldinu verður farið yfir árangur fyrri áætlunar, greiningar uppfærðar, markmið endurskoðuð eftir þörfum og unnin aðgerðaráætlun til næstu ára.

Sem hluti af verkefninu verður sérstaklega farið yfir umferðaröryggi við leik- og grunnskóla, í samræmi við samþykkta tillögu umhverfis- og skipulagsráðs frá 14. október 2026, og unnið úr fyrirliggjandi gögnum um aðstæður og gönguleiðir barna. Að vinnu lokinni verður lögð fram uppfærð umferðaröryggisáætlun með mælanlegum

Reykjavík

markmiðum, forgangsröðuðum aðgerðum og tillögum um eftirfylgni og áframhaldandi gagnaöflun.

Umferðaröryggisáætlun er fagleg áætlun sem byggir slysagögnum, greiningum, rannsóknum á áhættuþáttum og viðurkenndri þekkingu á umferðaröryggi. Markmið áætlunarinnar og forgangsröðun aðgerða eru því fyrst og fremst mótuð á faglegum forsendum með það að leiðarljósi að hámarka árangur í fækkun slysa og auknu öryggi vegfarenda.

Aðkoma íbúa og annarra hagaðila er engu að síður mikilvægur þáttur í þeirri vinnu að bæta umferðaröryggi í borginni. Hún felst fyrst og fremst í því að miðla upplýsingum og ábendingum um staði eða aðstæður þar sem umferðaröryggi kann að vera ábótavant. Slíkar ábendingar má senda borginni hvenær sem er og þær eru ekki bundnar við vinnu við uppfærslu áætlunarinnar. Allar ábendingar eru teknar til skoðunar og metnar með hliðsjón af markmiðum umferðaröryggisáætlunarinnar, fyrirliggjandi gögnum og faglegu mati. Aðgerðum er síðan forgangsraðað eftir því hvar líklegt er að þær skili mestum ávinningi fyrir umferðaröryggi.

Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar leggur til að áfram verði unnið að uppfærslu umferðaröryggisáætlunar Reykjavíkur á grundvelli gagna, faglegrar þekkingar og greininga, og í samráði við viðeigandi hagaðila. Aðkoma almennings verði áfram mikilvægur þáttur í þeirri vinnu, einkum með ábendingum um staði og aðstæður þar sem umferðaröryggi þarfnast úrbóta. Með þeim hætti nýtast bæði fagleg þekking og reynsla vegfarenda við þróun öruggara samgöngukerfis í borginni.

F. h. umhverfis- og skipulagssviðs

Bjarni Rúnar Ingvarsson
Starfandi samgöngustjóri

Reykjavík